

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Raunvísindadeild
Jarð- og landfræðiskor

Prentsögusetur

eftir

Einar Svansson

Menningartengd ferðaþjónusta. Verkefni C
Kennari: Guðrún Helgadóttir - Hólaskóla

Reykjavík
24.mars 2003

1	Inngangur.....	3
2	Saga prentlistar.....	3
3	Prentminjar.....	5
3.1	Þjóðminjasafn Íslands.....	5
3.2	Árbæjarsafn.....	6
3.3	Aðrir aðilar.....	6
4	Ný tækni, ný sýn.....	7
4.1	“Prentlist, þú gyðjan góða”.....	7
4.2	Móna Lís.....	8
5	Sýningar.....	8
5.1	Kjarvalsstaðir ca. 1970 (Til heiðurs Gutenberg).....	9
5.2	Kjarvalsstaðir 1984 (Bókasýning).....	9
5.3	Norræna húsið 1988 (Norræn bókbandskeppni).....	9
5.4	Árbæjarsafn 1990.....	10
5.5	Norræna húsið 1991 (Norræn bókbandskeppni).....	10
5.6	Geysishúsið 1994 (Sýning íslenkra bóka og prentgripa).....	10
5.7	Ráðhús Reykjavíkur 1997 (100 ára afmæli FBM, 4.apríl).....	10
5.8	Bókbandskýning og keppni 1997 (JAM klúbburinn).....	11
5.9	Ísafoldarprentsmiðja 1997 (120 ára afmæli, 16.júní).....	11
5.10	Þjóðarbókhlaðan árið 2000 (Bíblíusýningin).....	12
5.11	Prentmessa.....	12
6	Framkvæmdaáætlun.....	12
6.1	Fyrstu skref.....	12
6.2	Safn eða setur.....	13
6.3	Staðsetning.....	15
6.4	Stuðnings og styrktaraðilar.....	16
7	Tímaáætlun.....	18
8	Fjármögnunarleiðir húsnæðis.....	18
8.1	Saltfisksetrið í Grindavík. (dæmi um nýbyggingu).....	18
8.2	Einkaframkvæmd. (nýbygging).....	18
8.3	Leiguhúsnæði.....	19
8.4	Hús lagt fram af sveitarfélagi eða fyrirtæki.....	19
9	Samantekt.....	19

1 Inngangur.

Hér verður fjallað um greiningu á tækifæri til nýrrar starfsemi í menningartengdri ferðaþjónustu. Í verkefninu verður í upphafi gerð grein fyrir sögu prentlistar á Íslandi og þeim prentminjum sem til eru víða í landinu. Þar næst verður farið yfir stöðuna og rakið hvað gert hefur verið á liðnum árum til að varðveita þessa sögumuni og sýna þá almenningi. Vitnað verður í valinkunna menn og sýn þeirra á menningararfleifð Íslendinga og þörf á að tengja fortíð við nútíð. Rök verða tíunduð fyrir uppsetningu Prentsöguseturs sem hefði fræðslugildi og væri jafnframt aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Síðan koma tillögur um undirbúning að stofnun prentsöguseturs með framkvæmda- og tímaáætlun og hugmyndum um stuðningsaðila og fjármögnunarleiðir.

2 Saga prentlistar.

Allar menningarþjóðir sem við miðum okkur við leggja metnað sinn í að varðveita söguna og gera hana sýnilega almenningi. Saga prentminja er samofin sögu þjóðarinnar og bóklistin hefur hjálpað til við varðveislu tungumálsins og verið grunnur að sjálfssímynd þjóðarinnar og einn af hornsteinum þess að Íslendingar eru ein þjóð með eina tungu. Til að útbreiða fagnaðarerindið og trúna á Jesú Krist var prentun bóka mikilvægt atriði. Þetta sáu forsvarsmenn kirkjunnar fyrir og það var að tilhlutan Jóns biskups Arasonar að fyrsta prentsmiðjan var flutt til landsins og sett niður að Hólum í Hjaltadal á árunum 1525 – 1530. Almennur var mikið til ólæs en fyrsta stafrófskverið var prentað 1695 í þágu kristindómsfræðslu og má segja að kirkjan hafi átt stóran þátt í að varðveita íslenska tungu og menningu í gegnum aldirnar. (Loftur Guttormsson, 2000, bls.14) Íslendingar voru fljótir að tileinka sér prentlistina. Við vorum t.d. rúmlega heilli öld á undan Finnum og Norðmönnum. (Ingi Rúnar Eðvarðsson, Prent eflir mennt II, 1994, bls. 28)

“Íslenska var meðal 20 fyrstu þjóðtungna heimsins sem öll Biblían var þýdd á. Íslendingar hafa því verið mjög framarlega á þessu sviði, í menningarlegu tilliti, miðað við ýmsar stærri og auðugri þjóðir. Í dag hefur Biblían öll verið þýdd á 366 tungumál.

(Sigurður Pálsson, Frá huga til hugar, 2000, bls. 20)

Eftir að Guðbrandur Þorláksson varð biskup á Hólum 1571 fékk hann Jón Jónsson prentara að Breiðabólstað með tæki sín til Hóla og hóf stórfellda bókaútgáfu sem stóð með litlum hléum í hálfra öld. Perla íslenskrar prentlistar er af mörgum talin Guðbrandsbiblían sem prentuð var 1584. Hún var síðan endurprentuð með nýrri tækni í Lithoprent í Reykjavík 1956. Leturgerðir í íslenskum prentsmiðjum fyrstu aldirnar voru nær eingöngu gotnesk letur (brotaletur). Í Guðbrandsbiblíu er að finna allar leturgerðir sem til voru á Íslandi á þessum tíma, brotalettrið fraktúr, Sváfalækjarletur og latínuletur, þ.e. fornaletur. (Björk Ingimundardóttir ofl.,1974.)

Það var aðeins ein prentsmiðja til í landinu í rúmar tvær aldir eða til 1773, að undanskildum 4 árum (1589-1593) þegar Hólaprentsmiðju var skipt upp á milli biskups og Jóns Jónssonar á Núpufelli í Eyjafirði. Prentsmiðjan var flutt í Skálholt 1685 og þá hófst eitt merkasta skeið íslenskrar bókaútgáfu. Má þar nefna árið 1688, en þá komu þar út Íslendingabók Ara fróða, Landnáma, Kristni saga og Grönlandia Arngríms Jónssonar lærða. Prentsmiðjan var síðan seld Hólabiskupi 1703 og flutt aftur norður að Hólum. Lítið var prentað á 18. öldinni, en hún var ein sú versta sem Íslendingar hafa upplifað með sóttum, fjárpest og náttúruhamförum. Þó komu út nokkur merk rit eins og Steinsbiblían og Vídalínspostilla. (Steingrímur Jónsson, 91-115)

Hrappseyjarprentsmiðja var stofnuð 1773 og voru prentsmiðjurnar þá orðnar tvær og var svo til ársins 1799. Hún prentaði alls um 80 verk. Má þar nefna Egils sögu og Ljóðmæli Jóns Þorlákssonar á Bægisá. Hún er síðan flutt suður í Borgarfjörð og sett niður að Leirárgörðum. Landsuppfræðingafélagið keypti síðan prentsmiðjuna og ári seinna Hólaprentsmiðjuna og var Magnús Stephensen þá orðinn einráður á prentmarkaði og lokið var 270 ára sögu íslenskrar bókaútgáfu á vegum kirkjunnar. Prentsmiðjan var flutt að Beitistöðum, næsta bæ við Leirárgarða, árið 1815 og þaðan til Viðeyjar 1819. Þar var hún til 1844 þegar hún var flutt yfir sundið til Reykjavíkur og gefið nafnið Landsprentsmiðjan eða Prentsmiðja landsins. (Svanur Jóhannesson: *Frá huga til hugar*, Nokkur atriði úr sögu bókagerðar á Íslandi. 21-23.)

Ef við höldum örlítið lengur áfram og tengjum þessa sögu við nútíðina þá var Landsprentsmiðjan seld Einari Þórðarsyni prentara 1876, en hann seldi hana síðan Birni Jónssyni eiganda Ísafoldarprentsmiðju 18. maí 1886. Þannig er Ísafoldarprentsmiðja sem nú er staðsett í Garðabæ arftaki elstu prentsmiðju á Íslandi,

prentsmiðju Jóns biskups Arasonar á Hólum, og hún geymir því enn þann arf. Það verður eitt af verkefnum Prentisögunseturs að varðveita þennan arf og tengja saman þessar liðnu aldir íslenskrar prentlistar. (Ísafoldarprentsmiðja 120 ára, 1877-1997, *Samfelld saga prentunar í 471 ár*. bls. 6.)

3 Prentminjar

Mikið hefur fallið til af prentvélum og prentmunum á liðnum áratugum vegna byltingar í prenttækni. Margir dýrgripir hafa farið forgörðum en samt hefur miklu verið bjargað. Svanur Jóhannesson fyrrverandi starfsmaður Félags bókagerðarmanna var lengi óformlegur tengiliður á milli prentfyrirtækjanna og safnanna þegar þau fyrrnefndu þurftu að losa sig við gamlar vélar vegna nýrrar tækni. Þór Magnússon fyrrverandi þjóðminjavörður og Helgi M. Sigurðsson safnvörður í Árbæjarsafni voru þeir sem tóku við safngripunum. (Svanur Jóhannesson, viðtal, 20. mars 2003)

3.1 Þjóðminjasafn Íslands

Þjóðminjasafn Íslands hefur safnað ýmsum prentminjum frá fyrstu tíð. Þangað fóru t.d. vélar frá Prentsmiðjunni Hilmi, Eddu og Steinholti, prentmyndagerðinni Litrófi o.fl. fyrirtækjum. Meðal þessara véla er setjaravél sem upphaflega var hjá Prentsmiðju Morgunblaðsins.

Í Þjóðminjasafninu eru einnig merkileg myndamót og letur úr Landsprentsmiðjunni, sem starfrækt var í Reykjavík 1844-1875. Þessi myndamót voru afhent safninu 6. apríl 1868 og voru geymd þar í kössum óhreyfð í meira en heila öld. Það var ekki fyrr en 1982 sem Richard Valtingojer (Ríkharður Jóhannsson) myndlistarmaður fékk þessi myndamót til hreinsunar að eigin frumkvæði og tók síðan 20 afþrykk og seldi upp í kostnað. Það er talið nokkuð víst að þessir safngripir komi að miklu leyti frá elstu prentsmiðjum landsins. (Dr. Haraldur Sigurðsson, *Bókaormurinn*, 1985, bls. 13)

Sarpur er heiti á menningarsögulegu upplýsingakerfi sem unnið hefur verið að á vegum Þjóðminjasafns Íslands undanfarin ár. Í Sarpi eru varðveittar upplýsingar um muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti og örnefni ásamt öðru efni. Undanfarin misseri hafa ýmis söfn, stofnanir og fyrirtæki skráð um 450 þúsund færslur í

gagnasafn Sarps. (Heimasíða, www.sarpur.is) Hægt væri að skrá prentmuni skipulega í þetta kerfi.

3.2 Árbæjarsafn

Árbæjarsafn hefur líka safnað prentgripum í nokkra áratugi og hefur orðið vel ágennt. Í sambandi við sýningu sem þar var sett upp í Miðhúsi 1990 voru ýmis handverfæri og lítil tæki gefin safninu af prentiðnaðarfyrirtækjum. Þangað fór einnig setjarapúlt úr Ísafold frá 19. öld og fyrsta hraðpressa Ísafoldar, sem hafði lent í bruna á Korpúlfsstöðum á sínum tíma, var gerð upp og er hinn mesti kjörgripur. Prentsmiðjan Víkingsprent, hér um bil í heilu lagi, var gefin safninu og þar á meðal er stórt tréletur, sem notað var til að merkja kjördeildir í öllum kosningum, einnig fylgdi með setjaravél í ágætisstandi. Lausaletur og ýmiss tæki frá prentsmiðjunni PÁS, (Prentsmiðju Ágústar Sigurðssonar) sem síðast var í Mjóstræti í Grjótaþorpinu og mörg tæki frá Prentmyndagerð Hafnarfjarðar hafa líka verið gefin safninu á síðustu árum.

3.3 Aðrir aðilar

Fleiri hafa safnað prentminjum, m.a. Félag bókagerðarmanna. Þar eru til þrjár tölvur, hver af sinni kynslóð, gyllingarvél, heftivél, prófarkapressa og hátt í 200 ára gömul prentvél, sem gerð var upp fyrir Biblíusýninguna í Þjóðarbókhöðunni árið 2000. Þá fannst þar nýlega í kjallarageymslu þýsk setjaravél af “Typograph” gerð, sem tengist prentaranum Hallbirni Halldórssyni. Þá eru margar gamlar vélar, tæki og letur til í núverandi Ísafoldarprentsmiðju (sjá: kaflann 5.9) í Garðabæ. Prentsmiðja Siglufjarðar er varðveitt og prentminjar eru á minjasöfnum á Akureyri og Seyðisfirði. Fleiri prentfyrirtæki og einstaklingar geyma marga góða muni sem þyrfti að huga að og skrá hið allra fyrsta. Skráning prentminja fór fram á níunda áratugnum á Siglufirði og Akureyri og var það Helgi M. Sigurðsson safnvörður í Árbæjarsafni sem framkvæmdi það verk. Hann tók einnig myndir af tækjum og tólum á þessum stöðum. Hjá Félagi bókagerðarmanna og Samtökum iðnaðarins eru einnig geymdar ýmsar gamlar kvikmyndir og myndbönd sem hægt væri að nota til fræðslu í væntanlegu prentsögusetri. (Svanur Jóhannesson, Prentminjasafn, okt., 2002)

4 Ný tækni, ný sýn

4.1 “Prentlist, þú gyðjan góða”

Með þessu kvæði Matthíasar Jochumssonar kvöddu prentarar stéttarbróður sinn Jón Trausta (1873-1918) þegar hann hætti prentið og snéri sér alfarið að skáldskapargyðjunni. (Hallbjörn Halldórsson, Prentarinn, 1916, bls 1-3) Jón Trausti skáld hét réttu nafni Guðmundur Magnússon. Nafni hans Guðmundur Oddur Magnússon, (Goddur) prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands er áhugamaður um prentsögusafn og notar kennslufræðileg rök sem tengjast frumskilningi og menningararfi okkar til að rökstyðja nauðsyn þess fyrir Listaháskóla Íslands að hafa aðgang að safni prentmuna til að útskýra samhengi hlutanna fyrir nemendum sínum og efla skilning á fortíðinni. Guðmundur telur einnig að Íslendingar hafi ætíð fylgst vel með og verið í fararbroddi þjóða í bókagerð og prentiðju og telur að á því byggist nánast menningararfur okkar. (Guðmundur Oddur Magnússon, viðtal, 7.mars 2003) Látum Godd hafa orðið:

“Það var ekki svo mikið mál að útskýra staðgengla gamla heimsins inni forritunum fyrir þeim sem vissu um hvað hann snerist - en nú fáum við kynslóðir inni skólana sem ekki hafa hugmynd um hvers vegna orð og hugtök eins og leading fyrir línubil eða hvaðan sértingur á harðkápu er upprunninn. Hér væri stórkostlegt að hafa aðgengilegt safn til að geta bent á. (Guðmundur Oddur Magnússon, 11.mars 2003)

Og áfram segir Guðmundur Oddur í hugleiðingu sem hann sendi félögum sínum í áhugamannahópi um Prentsögusetur.

„Ég hef kennt grafíska hönnun í u.þ.b. 10 ár í tölvuumhverfi á þessum umbrotatímum., Hér væri safn kærkomið. Hafa þarf í huga að nú er mögulegt að ná utan um nánast alla prentsöguna með gripum sem vitað er um í landinu ef menn taka höndum saman.” (Guðmundur Oddur Magnússon, tölvupóstur, 17.mars 2003)

Stuðningur LHÍ er mikilvægur því skólinn er í raun æðsta skólastofnun landsins á sviði prentlistar og hönnunar. Mætti líka vel hugsa sér ef gott samstarf tækist á milli

Listaháskólans og fyrirhugaðs Prentsöguseturs að nemendur skólans fengju að spreyta sig á hönnun og uppsetningu einstakra sýninga sem Prentsögusetur myndi halda.

1.1 Móna Lísá

Í sinni frægu grein um leitina að Mónu Lísu bendir Andri Snær Magnason rithöfundur á Konungsbók Eddukvæða sem helsta segul eða aðdráttarkraft fyrir menningartengda ferðapjónustu á Íslandi. Hann stingur upp á því að byggt verði hús á Suðurgötusvæðinu (Háskólasvæðinu) þar sem Þjóðarbókhlaðan, Þjóðminjasafnið og ekki síst Árnastofnun yrði tengd þessu Edduhúsi jafnvel með göngum undir Suðurgötu. Þessi hugmynd er mjög góð og hvernig sem framkvæmdin yrði þá er einn aðalpunkturinn í máli Andra Snæs sá að styrkja þá þyrpingu eða klasa húsa og safna sem tengja saman menningararf okkar og þá sérstaklega bókmenntaarfinn. Mér finnst því rökrétt að tengja Prentminjasafn eða Prentsögusetur við þetta svæði til enn frekari styrkingar ef byggt yrði nýtt hús í Reykjavík undir starfsemi safnsins eða setursins. (Andri Snær Magnason, 2001)

2 Sýningar.

Fjöldmargar sýningar bóka og prentmuna hafa verið haldnar á síðustu áratugum. Eins og sést vel á umfjöllun um sýningarnar hér á eftir þá hefur alltaf verið mikill áhugi á að sýna sögu prentlistar og prentmuni sem tengist henni. Einnig hefur verið áhugi meðal almennings og fagfólks. Það birtist t.d. skemmtileg grein í Prentaranum, blaði Félags bókagerðarmanna 1987 þar sem sagt var frá skoðunarferð fyrir ellilífeyrisþega í Félagi bókagerðarmanna til Stykkishólms. Þeir heimsóttu m.a. Sjúkrahús St. Fransisku systranna. Þarna voru nunnurnar með prentsmiðju í sjúkrahúsinu:

„Systir Petra tók á móti okkur og fór með okkur um ganga spítalans inn í sali gamla blýprentsins. Þarna voru furðu margar vélar í frekar litlum húsakynnum. Meðalstór Heidelbergpressa og Intertype-setningarvél eru stærstu vélarnar, en auk þeirra var þarna minni prentvél, skurðarhnífur, saumavél ofl. Það var eins og að koma inn á prentminjasafn, prentararnir trúðu varla sínum eigin augum.....”

(Svanur Jóhannesson, Prentarinn, 4. tbl.1987)

Þetta er fyrsta heimild sem ég hef fundið um orðið prentminjasafn en það er líka notað í blaði Ísafoldarprentsmiðju frá 1997 (sjá lið 5.9) Þar er munum á sýningunni lýst með fyrirsögninni: „Vísir að prentminjasafni”. Ég kys að nota í framhaldi vinnuheitið Prentsögusetur í þessari greinargerð. (sjá kafla 6.2)

2.1 Kjarvalsstaðir ca. 1970 (Til heiðurs Gutenberg)

Þessi sýning á sögu prentlistarinnar sem hét „Prentlistin breytir heiminum” var með sérstaka áherslu á þátt Jóhannesar Gutenbergs. Hún var skipulögð af Institut für Auslandsbeziehungen í Stuttgart í Þýskalandi og var yfirumsjón í höndum Hermann Pollig en um efnisval sá Dr. Helmut Presser í Mainz og hönnun var gerð af Hans Peter Hoch, Esslingen. Sýningin var stórglæsileg og eftirminnileg þeim sem hana sáu. (Svanur Jóhannesson, viðtal, 2003) Í glæsilegri sýningarskrá er m.a. vitnað í fleyg orð G.Ch.Lichtenberg sem sagði:

„Bókaprentlistin er sannlega einskonar Messías á meðal uppfinninganna.”

(G.Ch.Lichtenberg, sýningarskrá, óársett en ca. 1970)

2.2 Kjarvalsstaðir 1984 (Bókasýning)

Áhugamenn í Rithöfundasambandi Íslands, Félagi bókasafnsfræðinga, Félagi íslenskra bókaútgefenda og Félagi bókagerðarmanna settu upp bókasýningu sem stóð í tvær vikur. Sýndur var ferill bókarinnar frá A-Ö, frumhandriti til fullunninnar bókar og sá Þórleifur Friðriksson prentari um þann þátt sýningarinnar. (Þórleifur Friðriksson, símtal við SJ, 24.mars 2003)

2.3 Norræna húsið 1988 (Norræn bókbandskeppni)

Norræn bókbandssýning var haldin í Norræna húsinu vorið 1988. Það var Daninn Arne Möller Petersen sem kom með sýninguna hingað eftir norræna keppni bókbindara 1987. Tveir Íslendingar tóku þátt, þeir Sigurþór Sigurðsson og Ragnar Einarsson. (Magnús Einar Sigurðsson, Prentarinn, 1988)

2.4 Árbæjarsafn 1990

Prentsýning var sett upp sumarið 1990 í Árbæjarsafni. Var það gert í tilefni þess að prentlistin átti 550 ára afmæli (1440-1990). Að sýningunni stóðu Árbæjarsafn, Félag bókagerðarmanna, Félag bókagerðarnema, Félag íslenska prentiðnaðarins og Iðnskólinn í Reykjavík. Vísir að prentsmiðju var settur upp í Miðhúsi sem líkast því sem þær litu út í byrjun tuttugustu aldar. Á neðri hæð var setning, prentun og skrifstofa. Á efri hæð var gylling, bókbænd og stofa. Prentari, setjari og bókbindari voru að störfum eftir hádegi á laugardögum og sunnudögum sumarmánuðina júní-ágúst. Um sýninguna segir m.a.í sýningarskrá:

„Þetta minni okkur á að virða hefðina, slíta ekki þráðinn við fortíðina. Einnig hún búi yfir þekkingu, kunnáttu og smekkvísi.”
(Helgi.M.Sigurðsson , 1990)

2.5 Norræna húsið 1991 (Norræn bókbandskeppni)

Tólfta norræna bókbandskeppnin fór fram 1990 og Arne Möller Petersen kom með bækurnar og sýndi þær í Norræna húsinu í apríl 1991 í samstarfi við Félag bókagerðarmanna. Sex þátttakendur voru frá Íslandi sem stóðu sig með þryði og hlutu 6 verðlaun af 15 mögulegum í þremur aðalflokkunum. Menntamálaráðuneytið styrkti einnig verkefnið.

„Þátttakan frá sögueyjunni var ótrúlega mikil og verkin snotur, eins og líka kom fram í mati dómara.” (Terje Erland, sýningarskrá Norrænu bókbandskeppninnar á íslensku 1991)

2.6 Geysishúsið 1994 (Sýning íslenkra bóka og prentgripa)

Í desember 1994 var sýning tækja, bóka og prentgripa í Geysishúsinu undir merkjum Bókasambands Íslands, en í því eru átta félög sem tengjast bókum og bókagerð. (Prentarinn, mynd, 1.tbl. 1995, bls. 2)

2.7 Ráðhús Reykjavíkur 1997 (100 ára afmæli FBM, 4.apríl)

Prentsýning var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur vorið 1997 í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því Hið íslenska prentarafélag, nú Félag bókagerðarmanna var stofnað. Að sýningunni stóðu Félag bókagerðarmanna, Árbæjarsafn og Ráðhús Reykjavíkur.

Þarna voru sýndar prentvélar og ýmsir prentmunir, bókbænd og myndir. Þá var hluti sýningarinnar tengdur bókadeginum og afmæli Halldórs Kiljans Laxness. Sýningaraðstaða var mjög góð og vakti sýningin athygli innlendra sem erlendra gesta.

2.8 Bókbandsýning og keppni 1997 (JAM klúbburinn)

Í tilefni 100 ára afmælis FBM efndi JAM-klúbburinn til bókbandskeppni meðal bókbindara sumarið 1997. Tólf bókbindarar tóku þátt og sendu inn 23 bækur. Í október var sett upp sýning á bókunum í félagsheimili FBM að Hverfisgötu 21. Seinna var hún flutt í Prenttæknistofnun að Hallveigarstíg 1 og helgina 10.-12. október var sýningin flutt í Kolaportið á handverkssýninguna ÍÐIR, sem Rósa Ingólfssdóttir stóð fyrir. Aðsókn var mikil. (Svanur Jóhannesson, Prentarinn, 3.tbl. 1997)

Jam – klúbburinn er hópur nokkurra bókbindara sem hafa það að áhugamáli að viðhalda gamla handverkinu. Þessi félagsskapur var stofnaður 1. október árið 1989 og hefur tekið þátt í bókbandskeppnum og sýningum víða. Klúbburinn hefur fengið afnot af bókbandsdeild Iðnskólans á veturna og hittast þau þar einu sinni í mánuði og vinna að þessu áhugamáli sínu. (Guðlaug Friðriksdóttir, 1991, heimild 17.c)

2.9 Ísafoldarprentsmiðja 1997 (120 ára afmæli, 16.júní)

Í tilefni af 120 ára afmæli Ísafoldarprentsmiðju var sett upp sýning þar sem gamli og nýi tíminn voru fléttaðir saman á þann hátt að nokkrir gamlir munir frá fyrri tíð í eigu prentsmiðjunnar voru til sýnis, þar á meðal bókaþressa frá 1877, rúmlega hundrað ára gamall skurðarhnífur ásamt ýmsum smærri gripum, tækjum og letri.

„Vöktu þessir munir og gamlar myndir frá fyrri hluta aldarinnar mikla athygli gesta á afmælisfagnaðinum.“

(Afmælisblað Ísafoldarprentsmiðju, 16.júní 1997)

Aðalhvatamaður var Leó Löve, einn af eigendum Ísafoldarprentsmiðju og má geta þess að Ísafoldarprentsmiðja stóð fyrir hönnun prentsýningar 1996 sem Björn G. Björnsson sýningarhönnuður gerði. Sýningin var þó aldrei sett upp. Ef til vill mætti

nota þessa hönnun sem grunn í Prentsögusetur eða safn því Björn er þekktur fyrir smekkvísi og má t.d. nefna uppsetningu hans og hönnun á Saltfisksetrinu í Grindavík.

2.10 Þjóðarbókhlaðan árið 2000 (Bibliúsýningin)

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember, 2000 var sýningin “Frá huga til hugar”, saga prentlistar og bókaútgáfu á Íslandi, opnuð af biskupi Íslands í Þjóðarbókhöðunni. Þessi sýning var með sérstakri áherslu á útgáfu Bibliunnar og var hún opin til 31. janúar 2001. Þeir sem stóðu að sýningunni voru Félag bókagerðarmanna, Hið íslenska Bibliúfélag, Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn og Samtök iðnaðarins. Það þótti við hæfi á kristnihátíðarári að íhuga samleið kristni og þjóðar en þar kom prentlistin mikið við sögu. Á sýningunni var reynt að draga upp mynd af ýmsu því sem varðveist hefur af bókum og tólum frá fyrri tíð, allt frá því að menn prentuðu með lausalettri í trépressum og þar til tölvutæknin tók við. (Svanur Jóhannesson, Prentarinn, 4.tbl. 2000)

2.11 Prentmessa

Haldin er reglulega svokölluð Prentmessa af Samtökum iðnaðarins, Félagi bókagerðarmanna, Prenttæknistofnun og prentfyrirtækjum. Næsta Prentmessa verður árið 2005. (Ingi Rafn Ólafsson, símtal við SJ, 21.mars 2003)

Á Prentmessu er kynnt nýjasta tækni í prentun og hönnun bóka og prentmuna. Mætti hugsanlega tengja hana við sýningu á prentmunum frá Prentsögusetri með styrk frá erlendum framleiðendum prentvéla. Mikilvægt væri fyrir Prentsögusetur að ná góðu samstarfi við erlenda aðila bæði söfn og framleiðendur prentækja til að styrkja sýningarhald hérlendis og skiptast á faglegum upplýsingum.

3 Framkvæmdaáætlun

3.1 Fyrstu skref

Stofna þarf formlegan undirbúningshóp áhugamanna eða fagmanna. Nokkrir áhugamenn um stofnun Prentsögusafns hafa hist undanfarið og má nefna þá Svan Jóhannesson bókbindara, Þórleif Friðriksson prentara og Guðmund Odd Magnússon prófessor við Listaháskóla Íslands. Víkka þarf þennan hóp og stækka með því að boða til stofnfundar undirbúningshóps. Má t.d. nefna þá leið sem áhugamenn um

Leikminjasafn fóru en þeir stofnuðu Samtök um leikminjasafn á fjölmennum fundi í Iðnó 21.apríl 2001. Stofnaðilar voru öll fagfélög leikhúslistamanna ásamt helstu leiklistarstofnunum þjóðarinnar að ógleymdum fjölda einstaklinga. (Samtök um leikminjasafn, 2002)

Búa þarf til framkvæmdaáætlun með rökstuðningi og tímasetningum ásamt tillögum um fjármögnun og rekstur. Hópurinn þarf að taka afstöðu til nokkurra meginspurninga svo sem um gerð og staðsetningu.

3.2 Safn eða setur

Það er ein stærsta spurningin sem undirbúningshópurinn þarf að glíma við hvort stefna eigi að safni eða setri. Svanur Jóhannesson einn áhugamannanna hafði samband við þjóðminjavörð og mælir hún einna helst með stofnun Prentsöguseturs:

„Ég er ekki viss um að rétt eða skynsamlegt sé að stefna að stofnun sérstaks Prentminjasafns sbr. Skilgreiningu safnalaga nr. 101/2001 á hugtakinu safn. Það gæti hins vegar verið vert að stuðla að skráningu og söfnun prentminja með markvissum hætti á vegum starfandi safna. Einnig mætti sjá fyrir sér stofnun Prentsöguseturs, sem stuðlað gæti að slíkri söfnun og kynningu á sögunni með sýningum og fræðslu.“
(Margrét Hallgrímsdóttir, 5.nóvember 2002)

Það er kannski rétt að skoða muninn á safni og setri samkvæmt safnalögunum.

„Í Safnlögunum er hugtakið safn skilgreint sem stofnun, opin almenningi, sem safnar heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins og rannsakar þær, miðlar upplýsingum um þær og hefur til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.“ (Sigríður Sigurðardóttir,2003)

Öll söfn sem uppfylla eftirfarandi skilyrði geta sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs. Samkvæmt 10. gr. III kafla Safnalaga verða þau að:

1. hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.

2. starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og starfa samkvæmt stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.
3. vera rekið óaðfinnanlega að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess verður að vera tryggður.
4. vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
5. bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
6. skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi.
7. fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna.

Ástæða er til að ítreka greinarmun á safni, setri og sýningu. Söfn gegna fyrst og fremst söfnunar, varðveislu- og rannsóknarhlutverki og eru mikilvægar undirstöður fyrir starf annarra aðila s.s. skóla, fræðimanna, fræðasetra, sýninga og ferðaþjónustuaðila í miðlun sinni. Setur hafa mörg hver ekki skyldum að gegna á sviði söfnunar og varðveislu, þó um rannsóknir og miðlun geti verið að ræða. Yfirleitt bjóða þau upp á sýningar sem tengjast viðfangsefnum þeirra. Þau eru yfirleitt beintengd markaðssetningu í menningartengdri ferðaþjónustu og hafa sprottið upp af nýjungapörf, auka fjölbreytni. Sýning, sem blasir við gestum, getur verið hluti af starfsemi safns eða seturs, en getur verið sjálfstæð rekstrareining, út af fyrir sig.

(Sigríður Sigurðardóttir, 2003)

Ég tel að ákvörðun um safn eða setur snúist að talsverðu leyti um fjármögnun verkefnisins. Eftir því sem fjárstuðningur væri meiri af hálfu stuðningsaðila væru meiri líkur á því að hægt væri að fjármagna uppsetningu og rekstur Prentminjasafns. Ég tel raunhæfast að stefna að Prentminjasetri eða Prentsögusetri til að byrja með og meta svo stöðuna þegar stuðningur liggur fyrir við hugmyndina. Aðalmunurinn á safni og setri er hin ríka rannsóknarskylda sem líklega verður aldrei uppfyllt nema með heilli stöðu einhvers vísindamanns á sviði bókmennta eða prentlistar. Það mætti athuga að fá fyrirtæki í bókaíðnaðinum til að styrkja eða kosta stöðu við HÍ eða LHÍ, prófessors sem væri með rannsóknarskyldu á sviði prentlistar og væri vísindalegur bakhjarl Prentsögusafns. Það má þannig kanna kostun fyrirtækja og einstaklinga eins og gert hefur verið með styrk til stöðu prófessors við Viðskiptadeild HÍ í frumkvöðlafræðum og við Raunvísindadeild í erfðavísindum. Einnig er varðveislu og

söfnunarskylda safns mun meira en seturs og því gæti safn orðið mun dýrara og erfiðara í allri stjórnun og fjármögnun þegar til lengri tíma er litið.

Meta þarf á fyrstu stigum hvort stefnt verður að nýbyggingu eða leiguhúsnæði en það fer mikið eftir því hvar safnið/setrið verður staðsett. Hugsanlegt er að sveitarfélag eða prentfyrirtæki leggi fram húsnæði án endurgjalds eða með lágri leigu og þarf að skoða allar slíkar leiðir sem bjóðast.

Dæmi um fyrirmynd og nýbyggingu er Saltfisksetur Íslands í Grindavík sem var opnað í september 2002. Það er sérhannað 650 m² hús utan um sögu saltfiskframleiðslu á Íslandi. Þetta er ótrúlega aðlaðandi safn og er sýningin hönnuð af Birni G. Björnssyni en hönnuðir húss voru YRKI arkitektar og verktakinn var Ístak. Sjón er sögu ríkari og allir áhugamenn um söfn og setur ættu að skoða þetta hús til að sjá hvernig hægt er að standa að uppsetningu safns á framúrskarandi hátt. Grindavíkurbær ásamt sjávarútvegsfyrirtækjum sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu stóðu fyrir byggingunni en setrið er sjálfseignarstofnun og eru starfsmenn tveir, annarsvegar safnvörður í fullu starfi og einnig forstöðumaður í ca. hálfu starfi en hann er einnig ferðamálafulltrúi bæjarins ofl. Saltfisksetrið er opið frá kl. 11-18 alla daga vikunnar allan ársins hring. Í húsinu er lítill sýningarsalur á efri hæð sem notaður er fyrir farandsýningar og fundahöld. (Hrönn Kristjánsdóttir, 21.mars 2003)

3.3 Staðsetning

Staðsetningin er eitt af stóru málunum sem þarf að skoða vandlega. Margar leiðir koma til greina. Hægt er að vera á einum stað annaðhvort á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Það eru flestir prentmunir á höfuðborgarsvæðinu og því hallast ég að því að ef staðsetningin miðast við einn stað sé rökrétt að hafa Prentsögusetrið á höfuðborgarsvæðinu. Það mætti hugsa sér að láta sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu bitast um bitann eins og þau reyndu varðandi húsnæði og staðsetningu Listaháskóla Íslands. Þannig gæti náðst mikilvægt framlag til stofnkostnaðar t.d. hús sem lagt væri til eða hluti rekstrarkostnaðar.

Ef Prentsögusetrið verður staðsett á landsbyggðinni væri rökréttast að setja það upp á Hólum í Hjaltadal. Enginn einn staður á landinu er tengdari vöggu íslenskrar prentlistar en Hólastaður. Í nágrenni Hóla er Prentsmiðja Siglufjarðar. Tengja mætti Hóla og Siglufjarðarprentsmiðju verkefninu Söguslóð sem er samstarfsverkefni Skagfirðinga og Siglfirðinga. Einnig er stutt frá Hólum til Akureyrar en þar er vísir að prentsýningu í Minjasafni Akureyrar.

Aðrir staðir á landsbyggðinni sem kæmu til greina fyrir setur að mínu mati væru: Akureyri í tengslum við minjasafnið; Skálholt, Stykkishólmur (St.Fransisku prentsmiðjan) og Seyðisfjörður í tengslum við tækniminjasafnið.

Ég hallast hinsvegar að blandaðri lausn sem felst í því að vera með aðalsetur (höfuðsetur) á höfuðborgarsvæðinu en útibú eða sumarsýningar t.d. á Akureyri, í Skálholti, að Hólum, á Siglufirði, í Stykkishólmi og á Seyðisfirði. Miðstöð á Reykjavíkursvæðinu með sýningu sem væri opin allt árið með svipuðum hætti og Saltfisksetrið í Grindavík myndi tryggja að almenningur og ferðamenn hefðu allt árið um kring aðgang að prentsögu Íslendinga. Sumarsýningarnar yrðu notaðar til að höfða til erlendra og innlendra ferðamanna og ná til breiðari hóps sýningargesta. Það mætti hugsa sér að sumarsýningin væri farandsýning sem færi á milli einhverra ofangreindra staða. Einnig má hugsa sér að einhverjar prentminjasýningar á þessum stöðum á landsbyggðinni yrðu styrktar þannig að sýning yrði líka opin allt árið t.d. á Hólum í Hjaltadal eða á Akureyri.

3.4 Stuðnings og styrktaraðilar

Boða þarf sem flesta hugsanlega stuðningsaðila á stofnfund áhugamannasamtaka um varðveislu prentminja. Stuðningur gæti helst komið úr þessum fjórum áttum:

Fagaðilar: Oddi og stærstu prentsmiðjur landsins, Iðnskólinn í Reykjavík, JAM klúbburinn, Listaháskóli Íslands, bókaútgáfur, Bókasamband Íslands, en í því eru eftitalin félög: Samtök iðnaðarins, Félag bókagerðarmanna, Félag ísl. bókaútgefenda, Rithöfundasamband Íslands, Hagþenkir-félag höfunda fræðiritra og kennslugagna, Samtök starfsfólks bókaverslana, Samtök gagnrýnenda, og Upplýsing.

Stofnanir ofl.: Menntamálaráðuneytið, Iðnaðarráðuneytið, Kirkjumálaráðuneytið, Sveitarfélög, Þjóðminjasafnið, Árbæjarsafn, Þjóðarbókhlaðan, Háskóli Íslands, Þjóðmenningarhúsið, Árnastofnun, Menningarborgarsjóður, Safnasjóður, Seðlabanki Íslands, héraðsskjalasöfn og bókasöfn, stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Gunnarsstofnun.

Kirkjan: Biskup, Guðfræðideild HÍ, Hólar, Skálholt, Hallgrímskirkja, Kristnitökusjóður, Kaþólski söfnuðurinn á Íslandi, St.Fransisku systur í Stykkishólmi.

Fyrirtæki og einstaklingar: Edda - miðlun og útgáfa, Fróði, Morgunblaðið, aðrar bóka og blaðaútgáfur, Búnaðarbankinn, Landsbankinn, SPRON, Íslandsbanki, Eimskip, Norðurljós, Baugur, Íslensk erfðagreining, Plastprent, Kassagerðin, Umbúðamiðstöðin, Nýherji, Opin kerfi, Tölvumyndir, Skýrr, Microsoft á Íslandi, ACO-Tæknival, Borgarfell, Gunnar Eggertsson hf., H.Pálsson, Hans Peterssen, Jóhann Ólafsson & Co, Ólafur Þorsteinsson, S. Árnason & Co og Sturlaugur Jónsson & Co.

Sem dæmi um nýlega úthlutun til menningartengdrar ferðaþjónustu og viðhorf stjórnvalda má nefna Menningarborgarsjóð. Úthlutun fyrir árið 2003 fór fram 19.mars 2003 og er það í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum. Að þessu sinni hlutu 57 verkefni styrk úr sjóðnum samtals að upphæð 32 milljónir og eru verkefnið afar fjölbreytt, á fjölmörgum sviðum menningarlífsins, alls staðar að af landinu. Meðalstyrkur er því 560 þúsund og hæstu styrkir voru 1,2 milljónir. Prentisögunetur ætti mikla möguleika til að hljóta hæsta styrk og sækja þarf um á næsta ári sem hluta af fjármögnun fyrir árið 2004. Í ár bættist við nýr flokkur sem eru verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og kom til sérstakt framlag frá menntamálaráðherra til þess flokks. Í skilgreiningu á verkefnum felst að hvatt er til samstarfs á ýmsum sviðum á milli ólíkra aðila alls staðar á landinu. Nú þegar hefur þetta fyrirkomulag sannað gildi sitt. Sveitarfélög, stofnanir á sviði lista og menningar, listamenn, fræðimenn og fjölmargir aðrir hafa tengst og unnið saman að mikilvægum verkefnum á sviði menningar og lista. (Menntamálaráðuneytið, fréttatilkynning, mars 2003) Prentisögunetur væri verkefni sem félli mjög vel að hugmyndum um menningartengda ferðaþjónustu hvar sem setrið væri staðsett á landinu. Tenging slíks seturs við bókmenntaarf Íslendinga myndi tryggja tilverugrundvöll þess um langa framtíð.

- 7 Tímaáætlun
- 7.1 apríl 2003 Undirbúningur áhugahóps
- 7.2 maí-júní 2003 Kynning og stofnfundur samtaka
- 7.3 júlí-sept 2003 Söfnun styrktaraðila (fjármögnun)
- 7.4 okt-des 2003 Hefja skráningu í Sarp
- 7.5 jan-maí 2004 Uppsetning fyrstu sýningar
- 7.6 apríl-júní 2005 Prentsögusetur opnar

8 Fjármögnunarleiðir húsnæðis

8.1 Saltfisksetrið í Grindavík. (dæmi um nýbyggingu)

Setrið í Grindavík er gott módel til að skoða hvernig kostnaður er við nýbyggingu. Húsið var byggt og sýning sett upp á tæpu hálfu ári frá mars-september 2002. Heildarkostnaður við húsið með uppsettri sýningu var um 170 milljónir króna.

Grindavíkurbær ábyrgist lán sem tekið var til byggingarinnar en stofnframlög komu einnig frá Fjárlaganefnd Alþingis, SÍF og sjávarútvegsfyrirtækjum í Grindavík og nágrenni. Fjármögnun reksturs er með rekstrarstyrk frá Grindavíkurbæ og styrkjum frá sjávarútvegsfyrirtækjum og ýmsum sjóðum t.d. Safnasjóði. Einnig eru tekjur af safngestum sem borga 500 kr. í aðgangseyri og svo er húsið leigt út til funda og mannfagnaða (Hrönn Kristjánsdóttir, safnvörður Saltfiskseturs Íslands, viðtal, 21.mars 2003)

3.5 Einkaframkvæmd. (nýbygging)

Nýtt hús byggt og samningur gerður við ríkið um greiðslu rekstrarleigu til langs tíma t.d. 20-40 ára. Kostur við þessa leið er lítill stofnkostnaður og nákvæm fjárhagsáætlun. Þessi leið væri einn möguleikinn ef farið yrði út í nýbyggingu. Fyrirtækið Nýsir hefur sérhæft sig í svona fjármögnun og væri hægt að fá mat þeirra á þessu dæmi og láta reikna hve há leiguupphæð yrði á ári.

3.6 Leiguhúsnæði

Ef leigt yrði á almennum markaði skiptir staðsetning miklu máli. Mikill munur er á leiguverði atvinnuhúsnæðis milli sveitarfélaga bæði innan og utan höfuðborgarsvæðisins. Stærð hússins skiptir þá einnig miklu og svo tekin séu tvö dæmi þá myndi 500 m² hús m.v. leiguverð 150 kr á m² per mán. gera mánaðarleigu upp á 75.000 kr eða 900.000 þúsund á ári. Til samanburðar myndi 1.000 m² hús á 300 kr. á m² per mánuð gera ársleigu upp á 3,6 milljónir sem er fjórfaldur munur.

3.7 Hús lagt fram af sveitarfélagi eða fyrirtæki

Þessi möguleiki er til staðar eins og dæmin sanna. Má t.d. nefna Hvalasafnið á Húsavík sem fékk gamla sláturhús Kaupfélags Þingeyinga til ráðstöfunar. Sveitarfélag sem legði til húsnæði myndi sjálfkrafa tryggja sér safn/setur í sínu sveitarfélagi þannig að eftir miklu er að slægjast. Fyrirtæki sem legði fram húsnæði kæmi væntanlega úr bókaíðnaðinum og myndi gera kröfu um auglýsingu í formi nafns t.d. Eddusafnið eða Oddasafnið. Stór kostur við þessa leið er bakstuðningur frá þeim sem leggur húsnæðið til og líklegt má telja að sá aðili standi einnig undir hluta rekstrarkostnaðar.

9 Samantekt:

Eins og fram hefur komið í þessari greiningu er mikill áhugi á því að hefja undirbúning að því að hefja prentsöguna til vegs og virðingar með því að stofna prentsögusetur eða prentminjasafn. Mörg rök styðja þá hugmynd að prentmunum og sögu prentlistar á Íslandi sé safnað saman á skipulegan hátt og settar upp fastar sýningar eða setur. Varðveisla menningararfsins og tenging fortíðar og nútíðar eru veigamikil rök. Einnig er ljóst að slíkt prentsögusetur myndi verða aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

3.8 HEIMILDIR:

Bækur:

1. Björk Ingimundardóttir ofl, *Hugvekjur Hallbjarnar Halldórssonar*, Letraval á fyrstu öld prentlistar á Íslandi, bls. 125-159. Reykjavík 1974.
2. Ingi Rúnar Eðvarðsson, *Prent eflir mennt.*; Bókarauki, Þættir úr letursögu eftir Þorsteinn Þorsteinsson: Bls. 517. Reykjavík 1994.
3. Inga Rúnar Eðvarðsson, *Prent eflir mennt*, II. „Prentlistin kemur út hingað”, bls. 28, Reykjavík 1994
4. Steingrímur Jónsson, *Íslensk þjóðmenning*: Bókagerð – Prentaðar bækur. Bls. 91-115.

Tímarit:

5. Dr. Haraldur Sigurðsson, *Bókaormurinn*, Ágrip af sögu prentlistar á Íslandi. Fyrri hluti. 14. hefti, bls. 13 í maí 1985.
6. Hallbjörn Halldórsson, *Prentarinn*, Guðmundur Magnússon, 1-8.tbl. 1916.
7. Magnús Einar Sigurðsson, *Prentarinn*, Frábær sýning á bundnum bókum., 2.tbl. 1988.
8. *Prentarinn*, Sýning Bókasambands Íslands, myndatexti á bls. 2., 1.tbl.1995.
9. Svanur Jóhannesson, *Prentarinn*, Biblíusýningin árið 2000., 4.tbl. 2000.
10. Svanur Jóhannesson, *Prentarinn*, Bókbandskeppni í tilefni 100 ára afmælis samtaka bókagerðarmanna., 3.tbl.1997.
11. Svanur Jóhannesson, *Prentarinn*, Nunnurnar heimsóttar, Snyrtimennskan í fyrirrúmi., 4.tbl.1987.

Blöð:

12. Ísafoldarprentsmiðja 120 ára,1877-1997: (Afmælisblað) *Vísir að prentminjasafni og Fjölsóttur afmælisfagnaður* bls. 2
13. Ísafoldarprentsmiðja 120 ára,1877-1997: (Afmælisblað): *Samfelld saga prentunar í 471 ár.* bls. 6.

Sýningarskrár:

14. Helgi M. Sigurðsson, *Prentsýning í Árbæjarsafni sumarið 1990*. Prentlistin 550 ára, 1440-1990:: Um sýninguna. Bls. 2.
15. Kristín Bragadóttir: *Frá huga til hugar* , Fyrstu ár prentlistarinnar. 7-8.
16. *Listbókband á Prentmessu 1994*. Sýningarskrá JAM-klúbbsins.
17. Loftur Guttormsson: *Frá huga til hugar* ,Guðsorð og lestrarkunnátta. 13-15.

18. Norræna bókbandskeppnin 1990. *Sýning í Norræna húsinu 6.-21. apríl 1991*. Sýngarskrá á íslensku: a) Terje Erland: Formáli. b) Verðlaun. c) Guðlaug Friðriksdóttir: JAM-klúbburinn.
19. Pollig, Hermann ofl., *Prentlistin breytir heiminum*, óársett en ca. 1970.
20. Sigurður Pálsson: *Frá huga til hugar*, Frá lausalettri til rafrænnar útgáfu. 18-20.
21. Svanur Jóhannesson: *Frá huga til hugar*, Nokkur atriði úr sögu bókagerðar á Íslandi. 21-23.

Skýrslur, fyrirlestrar og fréttatilkynningar:

22. Andri Snær Magnason: *Leitin að Mónu Lísu*. Fylgiskjal við skýrslu Samgönguráðuneytisins um Menningartengda ferðaþjónustu. Reykjavík 2001.
23. Menntamálaráðuneytið, *Úthlutun Menningarborgarsjóðs 2003*. Fréttatilkynning, mars 2003.
24. Samtök um leikminjasafn: *Hvers vegna leikminjasafn?* Markmið. Reykjavík 2002.
25. Sigríður Sigurðardóttir, *Söfn og sýningar*. Fyrirlestur í Hólaskóla febrúar 2003.
26. Svanur Jóhannesson: *Prentminjasafn*. Skýrsla um fyrirhugað Prentminjasafn í Reykjavík. Lokið í október 2002.

Heimasíður:

27. Grindavíkurbær, www.grindavik.is/menning.php.
28. Sarpur, www.sarpur.is/

Tölvupóstur:

29. Guðmundur Oddur Magnússon, *Tölvupóstur til Svans Jóhannessonar*, 11. mars 2003
30. Guðmundur Oddur Magnússon, *Vegna fyrirhugaðs Prentminjasafns*, Tölvupóstur til Svans Jóhannessonar., 17. mars 2003
31. Margrét Hallgrímsdóttir, *Tölvupóstur til Svans Jóhannessonar* vegna Prentminjasafns, 5. nóv. 2002.
32. Svanur Jóhannesson, *Tölvupóstur til Margrétar Hallgrímsdóttur* vegna Prentminjasafns, 4. nóv. 2002.

Viðtöl og símtöl:

33. Guðmundur Oddur Magnússon, *prófessor við Listaháskóla Íslands*, viðtal, 7.mars 2003.
34. Hrönn Kristjánsdóttir, *safnvörður Saltfiskseturs Íslands í Grindavík*, viðtal, 21.mars 2003.
35. Svanur Jóhannesson, símtal við Inga Rafn Ólafsson *framkvæmdastjóra Prenttæknistofnunar*, 21.mars 2003.
36. Svanur Jóhannesson, *bókbindari*, viðtal, 20.mars 2003.
37. Svanur Jóhannesson, símtal við Þórleif Friðriksson, *prentara*, 24.mars 2003.